


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	Náms- og starfskynning (NÁSS1SÖ06/NÁSS1ST06S) Námsáætlun haust 2019	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari		Sk.st.	
	Ari Hallgrímsson		ARI
	Magni Rúnar magnússon		MAG
	Hörður Óskarsson		HSK
	Íris Ragnarsdóttir		ÍRA
	Sólveig Þóra Jónsdóttir		SÓL
	Jóhann Þorsteinsson		JHP
	Jóhann Gunnar Jóhannsson		JGJ
	Hannesína Scheving		HAN
	Hildur Salína Ævarsdóttir		HSÆ
	Urður María Sigurðardóttir		UMS
	Kristjana Pálsdóttir		KPÁ

Áfangalýsing:

Í áfanganum gefst nemandanum kostur á að kynnst þeim verknámsmöguleikum sem eru í boði hverju sinni í skólanum. Nemandinn fær við fjölbreytt verkefni og kynnist vinnubrögðum sem nýtast honum í daglegu lífi s.s. líkamsbeitingu. Að auki kynnist hann starfsgreinum og atvinnumöguleikum sem bjóðast að loknu starfsnámi í framhaldsskóla. Nemandinn fer á milli verklegra deilda í skólanum og tekst á við margvísleg verkefni tengd hverri faggrein fyrir sig. Mikið er lagt upp úr öryggi á vinnustaðum og umgengni. Leitast er við að nemandinn finni styrkleika sína og öðlist sjálfstraust til að sinna ólíkum verkefnum og finni áhugasvið sitt í gegnum fjölbreytt nám.

Markmið:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- námsleiðum innan VMA og þeim möguleikum sem standa til boða í verk- og/eða starfsnámi
- helstu hugtökum og viðfangsefnum hinna ýmsu verk- og starfsgreina
- grunnatriðum sem snúa að öryggi á vinnustað
- atvinnumöguleikum að loknu verk- og/eða starfsnámi
- réttum vinnustellingum

Leikniviðmið


Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita ýmsum verkfærum við vinnu í ólíkum verklegum greinum
- beita líkamanum rétt við mismunandi aðstæður
- bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum í því vinnuumhverfi sem hann er staddur í hverju sinni
- greina styrkleika sína og tengja áhugasvið sitt við nám
- setja sig í spor annarra, sýna umburðarlyndi og samhygð

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- stunda árangursríkt nám á framhaldskólastigi og taka ábyrgð á eigin námi
- taka afstöðu til áframhaldandi náms við skólann, verklegs eða bóklegs
- vera ábyrgur og ganga vel um vinnustaðinn m.t.t. öryggis og frágangs
- bæta eigin vinnubrögð og samstarf við aðra

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		
Náms- og starfskynning (NÁSS1SÖ06/NÁSS1ST06S) Námsáætlun haust 2019		

Námsgögn:

Ekkil er notast við kennslubók í áfanganum. Ýmis verkefni og gögn frá kennurum.

Áætlun um yfirferð:

LOTUR	21.ág	9.sept	25.sept	14.okt	01.nóv	18.nóv	4.des
Fab Lab + Hlið	1	2	3	4	5	1S	ÚTSKRIFT
Tréið	2	3	4	5	1S	1	
Rafið + Málmíð (föstudagar)	3	4	5	1S	1	2	
Listnám	4	5	1S	1	2	3	
Sjúkraliða + Hárið (miðvikudagar) + hugsun (föstudagar)	5	1S	1	2	3	4	
Matvælabraut	1S	1	2	3	4	5	

Verkefni:

Heildaráætlun áfangans og útskýringar á verkefnum er aðgengileg á heimasíðu skólans undir 'Námsáætlanir'.

Námsmat og vægi námsþátta:

Í hverri lotu er lagt mat á frammistöðu nemenda og lokaeinkunn í áfanganum er meðaltal þeirra einkunna. Kennari í hverri lotu skýrir námsmatið út fyrir nemendum.

Matsform:		
<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi
Lota 1	Verkefni	16.7%
Lota 2	Verkefni	16.7%
Lota 3	Verkefni	16.7%
Lota 4	Verkefni	16.7%
Lota 5	Verkefni	16.7%
Lota 6	Verkefni	16.7%
Samtals:		100%
Annað: Ætlast er til þess að nemendur vinni samvirkusamlega að öllum verkefnum annarinnar.		

Dagsetning: 20/08/19

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils